



Kjölfesta í hjálparstarfi

**Hvatning frá
forseta Íslands
Ólafi Ragnari Grímssyni
verndara Rauða kross Íslands**

Á undanförnum misserum hefur komið skýrt í ljós að Rauði krossinn er kjölfesta í hjálparstarfi Íslendinga. Hann opnar hús sín og athvörf, veitir aðstoð og góð ráð í neyð, beinir atvinnulausum á nýjar brautir, reiðir fram fatnað og gefur fátækum kost á að njóta samfélagsins.

Rauði krossinn er einnig fyrstur á vettvang þegar áföll verða, slys eða hamfarir í náttúrunni, jarðskjálftar, snjóflóð og annað sem skekur tilveruna.

Allt þetta starf er byggt á sjálfbóðaliðum, fólki sem finnur gleði í að hjálpa öðrum.

En við þurfum líka að gera Rauða krossinum kleift að sinna öllu þessu starfi, tryggja að sjálfbóðaliðar hans séu ávallt til reiðu þegar við — fjölskyldur, vinnufélagar, byggðarlög eða á stundum þjóðin öll — þurfum á þeim að halda.

Nú telur Rauði krossinn þörf á að efla sjálfbóðastarfið og býður hverjum og einum að verða að liði. Sú beiðni endurspeglar brýna þörf; einkum nú þegar þúsundir landsmanna eiga á brattann að sækja.